

allra aðstæðna þykja því dánarbæturnar henni til handa hæfilega ákveðnar kr. 9000.00.

Því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að til frádráttar bótonum eigi að koma dánarbætur þær, kr. 968.00, sem hún hefur fengið greiddar úr slysatryggingunni, og lækkar því hin dæmda fjárhæð sem því svarar. Verður stefndu gert að greiða nefnda upphæð in solidum ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Samkv. 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna viðurkennist og sjóveðréttur í v/b Hermannni til tryggingar kröfunum.

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Geir Sigurðsson skipstjóri og Jón Axel Pétursson hafnsögumaður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Kristinn Vigfússon, Ísleifur Sigurðsson og Kaupfélag Árnesinga, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum, Oddnýju Magnúsdóttur, kr. 8032.00 með 5% ársvöxtum frá 30. maí 1941 til greiðsludags og kr. 500.00 í málskostnað. Á stefnandi sjóveðrétt í v/b Hermannni til tryggingar kröfunum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 18/1942. Síldarverksmiðjur ríkisins

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Jóni Björnssyni og gagnsök

(Sveinbjörn Jónsson).

Um skaðabótaábyrgð fyrirtækis vegna lemskurs, er verkaður hlaut við vinnu í þjónustu þess.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp af Birni Þórðarsyni lögmanni.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 2. marz 1942, krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans bæði í hér-

aði og fyrir hæstarétti. Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu með stefnu 6. marz 1942, krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 45000.00 með 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1940 til greiðsludags. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Telja verður, að óverjandi hafi verið að láta gagnáfrýjanda framkvæma starfa þann, er í málinu greinir, án nokkurs öryggisútbúnaðar. En hins vegar sýndi gagnáfrýjandi ekki fulla aðgæzlu, er hann fór til starfans án þess að kvarta undan öryggisskortinum. Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir mega staðfesta ákvæði hans um skaðabætur, þó svo, að vextir reiknist 6%.

Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda samtals kr. 4000 í málskostnað fyrir láðum dómum.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Sildarverksmiðjur ríkisins, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Björnssyni, kr. 30000.00 með 6% ársvöxtum frá 29. apríl 1941 til greiðsludags og samtals kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. desember 1941.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., er með samkomulagi málсаðilla höfðað fyrir bæjarþinginu, upphaflega með stefnu, útgefinni 29. apríl s. l., af Jóni Björnssyni stúdent, Siglufirði, gegn stjórn Sildarverksmiðja ríkisins, þeim Þormóði Eyjólfssyni, Sveini Benediktssyni, Jóni Þórðarsyni, Þorsteini M. Jónssyni og Finni Jónssyni f. h. sildarverksmiðjanna til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 25000.00, er stefnandi hefur síðan með framhaldsstefnu, útgefinni 18. sept. s. l., hækkað í kr. 45000.00, ásamt 6% ársvöxtum frá 5. júlí 1940 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Við hinn munnlega málflutning hefur stefnandi jafnframt gert þá varakröfu, að bæturnar yrðu ákveðnar af dóminum.

Stefnda krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar eftir mati réttarins. Til vara krefst stefnda lækknar á stefnukröfum.

Tildrög málsins eru þessi: Haustið 1937 vann stefnandi að algengri verkamannavinnu hjá Sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Þann 13. okt. hafði þáverandi undirverkstjóri verksmiðjanna sent stefnanda og Jón nokkurn Þorsteinsson upp á þak svo nefndrar SRN-verksmiðju til að skrapa og mála reykháf á suðurhelmingi verksmiðjupaksins. Bar ekkert til tíðinda í þetta skipti, og daginu eftir áttu þeir félagar að halda áfram verkinu. Vegna skúraleiðinga að morgni þess 14. okt. lét verkstjórinn þá ekki byrja verkið fyrr en eftir hádegðið. Þeir fóru til vinnu sinnar með þeim hætti, að fyrst fóru þeir (er höfðu meðferðis málningarkrúsir, virbursta og sköfur) upp stiga, sem reistur hafði verið upp með norðausturhorni verksmiðjunnar. Stigi þessi var þó svo sluttur, að á að gizka $\frac{1}{2}$ metra vantaði til, að hann næði upp á þakbrún. Urðu þeir félagar að vega sig með handaflri upp á þakskeggið, síðan skriðu þeir upp á mæni þaksins, með austurstaflni verksmiðjunnar, er virðist standa um 20 cm upp fyrir þakið, sem samkv. framlögðum teikningum virðist hafa hallann 1:1.75. Síðan héldu þeir eftir mæninum vestur að svo kölluðu „skelletti“, en það er uppbygging úr þakinu, ætluð til loftræstingar, járnklædd að ofan og á stöfnum, en með trérimla á hliðum. Héldu þeir svo niður þakið meðfram austurstaflni „skellettsins“, sem er um 1,5 metrar á hæð, vestur með norðurhlið þess og upp með því að vestan og síðan niður að reykháfnunum, sem stendur við suðvesturhorn þess. Studdu þeir sig við „skellettið“ með taki á rimlum þess eða milli þeirra, en rimlarnir virðast svo þétt saman, að erfitt sé að ná þar góðu taki. Unnu þeir félagar síðan við málningu á reykháfnun þar til kl. 3.20 e. h., en þá byrjaði aftur að rigna, og hættu þeir þá vinnu. Héldu þeir nú sömu leið aftur, að því er þeir skýra frá, og fór Jón Þorsteinsson á undan. Jón Þorsteinsson, sem var á leðurskóm, kveðst hafa misst taks á rimlunum, er hann var á leið meðfram „skellettinu“ og byrjað að renna af stað á járninu, sem var hálft vegna bleyttunnar. Honum tókst þó að ná handfestu aftur, komst upp á mæni og síðan út að staflni, þar sem hann ætlaði að biða eftir stefnanda. Stefnandi kveðst hafa haldið sömu leið, en er hann, sem var á gúmmískóm, hafi verið kominn nokkuð meðfram „skellettinu“, hafi hann misst tök á rimlum þess. Rann hann niður þakið og fram af brúninni og kom standandi niður á skúrpak svo nefndrar SR30-verksmiðju. Er fallhæðin um 6 metrar, enda brotnuðu bæði hælbein stefnanda við fallið, og var hann þegar í stað fluttur í sjúkrahús, þar sem hann lá í marga mánuði og síðan lengi í heimahúsum. Samkv. vottorði Steingrims Einarssonar læknis á Siglufirði (dags. 23. júlí 1938) var örorka stefnanda metin 25% þann 20. febr. 1940, en eftir að Jóhann Sæmundsson tryggingaryfir-

læknir hafði skoðað stefnanda á síðastliðnu vori, mat hann örorkuna 45%.

Stefnandi heldur því fram, að vegna vöntunar á öruggum útbúnaði á verksmiðjupakinu og annars óforsvaranlegs aðbúnaðar við vinnuna, sem verkstjóri stefndu verði að teljast eiga sök á, hljóti stefndu að eiga að bæta sér allt það tjón, er hann hafi af slysi þessu hlótið. En þar sem stefndu hafa neitað öllum kröfum í þá átt, hefur stefnandi höfðað mál þetta og gert í því framangreindar dómkröfur.

Sýknukröfu sína byggir stefnda á því, að ástæðan til slyss stefnanda hafi verið sú, að hann hafi sýnt af sér óþarfa dirfsku og jafnvel kæruleysi við starf sitt, og mótmælir stefnda því eindregið, að öllum útbúnaði á vinnustaðnum eða aðgæzluleysi verkstjórans sé um slysið að kenna. Heldur verkstjórinn því fram, að leið sú, er þeir félagar fóru að reykháfnun, sé með öllu forsvaranleg og hættulaus án sérstaks öryggisbúnaðar, ef varlega sé farið, eins og hann kveðst hafa brýnt fyrir þeim félögum, áður en þeir héldu af stað. Einnig telur stefnda það hafa verið óvarkárni af hálfu stefnanda að fara á gúmmískóm upp á þakið, þar sem þeir séu sérstaklega varasamir á röku járn. Gegn mótmælum stefnanda og Jóns Þorsteinsonar eru engar sönnur á það færðar, að verkstjórinn hafi sérstaklega brýnt fyrir þeim félögum að fara varlega, er þeir færu eftir þakinu, né heldur, að hann hafi gefið nein fyrirmæli um, hvaða leið þeir skyldu halda eða hvernig þeir ættu að haga för sinni. Og ekki verður það talið stefnanda til áfellis, þótt hann, sem er ófaglærður verkamaður að þessu leyti, færi á gúmmískóm til vinnunnar, enda var verkstjóranum skylt að benda stefnanda á þetta, fyrst það taldist vera varhugavert, en ekki er upplýst, að hann hafi gert það. Þá heldur verkstjórinn því fram, að stefnandi hafi á leið sinni frá reykháfnun, er hann fór meðfram hlið „skelettsins“, sleppt öllum tókum á því, gengið út á þakið fyrir neðan það og þá hafi hann runnið til og steypzt fram af. Verkstjórinn, sem heldur þessu fram, var þó alls ekki sjónarvottur að slysinu, heldur virðist hann byggja þessa fullyrðingu sína á því, að stefnandi kom standandi niður á skúrþakið, Telur hann það sönnun þess, að stefnandi hafi ekki haldið sér með höndunum í „skelettið“, því hefði hann gert það, mundi hann hafa snúið baki að þakbrúninni og þá hefði hann runnið aftur á bak, en með því móti hefði hann alls ekki getað komið standandi niður. Stefnandi mótmælir þessari fullyrðingu sem alrangri. Hann kveðst, eins og fyrr segir, hafa haldið sér í rimlana, eftir því sem unnt var, en fæturnir hafi runnið til á sleipu járninu og þá hafi hann misst taks.

Það hefur ekkert komið fram í málinu, er bendi á, að stefnandi hafi snúið baki að þakbrúninni, enda verður, eins og á stóð, að teljast líklegast, að hann hafi fíkað sig áfram á hlið meðfram „skelettinu“. Sá eini, sem var sjónarvottur að slysinu, Jón Þorsteinsson,

hefur borið það fyrir lögreglurétti, að hann hafi séð stefnanda missa taks á „skelettinu“. Af hálfu stefndu hefur það að visu verið véfengt, að Jón Þorsteinsson hafi getað séð til stefnanda, þar sem „skelettið“ hafi skyggt á. En með tilliti til þess, sem upplýst er um hæð stefnanda og „skelettsins“, verður að telja, að Jón Þorsteinsson hafi getað séð það til ferða stefnanda, að vitnisburður hans að þessu leyti hafi gildi. Þykir því ekki unnt að staðhæfa, að slysið hafi orðið með öðrum hætti en stefnandi og Jón Þorsteinsson hafa lýst.

Eins og sést af framanskráðu, höfðu verkamennirnir, er urðu að fara um verksmiðjubakið, engan öryggisbúnað sér til stuðnings, heldur urðu þeir að reyna ná taki á hlutum, sem ekki gátu veitt traust hald. Verður þetta að teljast óforsvaranlegur aðbúnaður, og verður að líta svo á, eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja, að nefnt slys hafi orðið vegna þessa skorts á nauðsynlegum öryggisbúnaði og að stefndu beri skaðabótaábyrgð af þessum sökum, enda verður ekki séð, að stefnandi hafi sýnt af sér neina þá óvarkárni við starf sitt, er svipti hann rétti til bóta fyrir slysið. Því hefur að visu verið hreyft af hálfu stefndu, að úr því að stefnandi telji aðbúnaðinn við vinnuna hafa verið ófullnægjandi, hafi hann átt að neita að vinna starfið, og það hafi verið óvarkárni af hans hálfu að fara til vinnunnar, eins og á stóð.

Eins og áður er greint, var stefnandi ófaglærður verkamaður að þessu leyti, og þótt honum hafi heppnast að komast klaklaust um þakið daginn áður, þá verður ekki séð, að hann hafi haft tækifæri til að ganga úr skugga um þenna aðbúnað í ýmiss konar veðurlagi, og telja verður, að hann hafi haft ástæðu til að treysta forsjá verkstjórans í þessum efnum.

Sýknukrafa stefndu verður því ekki tekin til greina.

Stefnandi var 23 ára gamall, er slysið vildi til, og virðist vera einbleypur. Hafði hann stundað nám í fiskiðnfræði og virtist hafa verið langt kominn með það nám, er hann slasaðist. Samkv. framlögðum læknisvottorðum hafði hann áður verið heill heilsu. Samkv. vottorði Jóhanns Sæmundssonar (dags. 15. þ. m.) brotnuðu bæði hælbeinin við fallið og flöttust út. Algert ilsig kom fram á báðum fótum, og er gangur því ófjaðurmagnaður. Þrautir komu í fætur við stöður og gerðu stefnanda ókleift að stunda annað en setuvinnu. Liðagigtarbreytingar hafa komið fram í liðamótunum milli völu og hælbeins báðum megin. Þessar breytingar hafa valdið slíkum þrautum, að stefnandi hefur ekki getað staðið eða gengið nema stutt í senn, á að gizka $\frac{1}{2}$ —1 klst., og þá alltaf með staf. Liðamótin milli völu og leggbeina virðast hins vegar óskemmd og hjarahreyfingin óhindruð, en hliðarhreyfing um öklana lítt möguleg fyrir sársauka. Telur læknirinn, að ilsig eins og þetta geti valdið verkjum í kálfum og lærum og allt upp í bak og jafnvel taugagigt. Á síðastliðnu sumri lét stefnandi á eigin kostnað og áhættu gera uppskurð á fótunum.

Lá hann í nokkra mánuði á sjúkrahúsi af þeim sökum og verður að ganga með harðar umbúðir í eitt ár, þar til séð verður, hvort aðgerð þessi ber árangur. Að áliti Jóhanns Sæmundssonar má vænta þess, ef vel tekst, að verkir minnki til muna, en jafnframt sé algerlega fórn að hliðarhreyfingum um öklana og ilsigið muni haldast eftir sem áður óbreytt með þeirri verkjahættu, er því fylgir. Er það haft eftir læknum, að takist aðgerð þessi, eins og bezt verði á kosið, telji hann, að örorkan muni lækka allt að 10% af þeim sökum, en þá er þess einnig að gæta, að stefnandi hefur lagt sig í aukna hættu við aðgerðina og liðið auknar þjáningar og óþægindi hennar vegna um alllangan tíma. Eftir því sem fram hefur komið í málinu, hefur stefnandi fengið greiddar 3000 kr. úr slysaftryggingunni vegna slyssins, og telur hann, að hann muni þurfa að endurgreiða tryggingarstofnuninni þá upphæð, ef kröfur hans í þessu máli þykja hafa við rök að styðjast. Að öllu framangreindu athuguðu svo og öðru því, er fram hefur komið í málinu, og þá m. a. með tilliti til núverandi verðgildis krónunnar, þykja bæturnar til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 30000.00, sem stefndu verður gert að greiða með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 29. apríl s. l., til greiðsludags. Einnig þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda kr. 1500.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, stjórn Sildarverksmiðja ríkisins f. h. verksmiðjanna, greiði stefnandanum, Jóni Björnssyni, kr. 30000.00 með 5% ársvöxtum frá 29. apríl 1941 til greiðsludags og kr. 1500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. janúar 1943.

Nr. 95/1942. **Pétur Jónsson**

gegn

Kristjáni Jónssyni.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Pétur Jónsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.